

Á fundi hjá Kvinnalistanum í Reykjavík fyrir skömmu var tekin ákvörðun um að fresta fyrirhuguðum útskiptum á tveimur þingkonum í vor. Fyrirhuguð þingkvennaskipti áttu að fara fram á miðju kjörtímabili eins og lofað var fyrir síðustu alþingiskosningar og áttu þær Guðrún Agnarsdóttir og Kristín Halldórsdóttir að vikja fyrir þeim Guðrúnu Halldórsdóttur og Önnu Ólafsdóttur Björnsson.

Formleg ákvörðun um þessa frestun hefur ekki enn verið tekin en meirihluti innan Kvinnalistan er sagður á þeirri skoðun að heppilegt sé að fresta þessari útskiptingu. Þó munu vera mjög skiptar skoðanir um málið. „Sumar vilja láta tilfinninguna ráða en aðrar vilja halda fast við prinsippið,“ segir ein þeirra í samtali við Pressuna.

Þá mun einnig hafa verið ákveðið að þegar að því kemur að skipt verður um þingkonur þá muni aðeins önnur þeirra vikja í fyrstu. Síðan að hálfu eða heilu ári liðnu fari næstu skipti fram.

Ýmsar kvinnalistakonur sem rætt var við töldu að umræðunni yrði a.m.k. frestað fram yfir þinglausnir í vor. Sumar töldu að þetta þýddi ennþá lengri frestun og Guðrún Halldórsdóttir varþingkona sagðist ekki vilja útiloka að innan Kvinnalistan væru einhverjar þeirrar skoðunar að hætta ætti við þessi þingkvennaskipti alveg út kjörtímabilið.

Kvinnalistinn er þarna augsýnilega að draga kosningaloforð í land. Reglan um að þingkonur listans sitji aldrei lengur en 6–8 ár á þingi var sett á landsfundi listans árið 1986. Á þeirri reglu var kosningaloforðið vorið 1987 byggt, en þá var því lýst yfir að vorið 1989, á miðju kjörtímabili, myndu tvær kvinnalistakonur vikja fyrir varamönnum. Röksemdirnar voru tvær; annars vegar átti þessi stefna að vera í samræmi við valddreifingu og koma í veg fyrir að þingfulltrúar Kvinnalistan festust í valdakerfinu til langframa. Hins vegar var það talið til góðs að dreifa ábyrgðinni og nýta krafta og hæfileika sem flestra kvinnalistakvenna.

Hvað hefur þá orðið til þess að kvinnalistakonur vilja nú fresta þessum yfirlýstu aðgerðum? „Það er ekkert launungarmál að við höfum fundið fyrir þrýstingi frá konum, ekki sist af landsbyggðinni, að endurskoða þessa ákvörðun um að skipta út á þingi,“ segir Sigrún Helgadóttir, starfsmaður á skrif-

fyrst og fremst sú að við viljum finna heppilegan tíma fyrir alla aðila til að láta þessi skipti fara fram.“

Á síðasta ári var Guðrún Agnarsdóttir reyndar þegar farin að viðröð þá skoðun að Kvinnalistinn kynni að endurskoða útskiptaregluna. Sagði hún í viðtali við Timann að Kvinnalistinn yrði að laga sig að breyttum aðstæðum og mætti ekki hika við að breyta fyrri ákvörðunum sínum í samræmi við það.

Ákvörðunin nú kemur hins vegar nokkuð skyndilega. Í nýju hefti fréttatimaritsins Þjóðlífs eru birt viðtöl við þær Guðrúnu Halldórs og Önnu Ólafsdóttur Björnsson um væntanlega þingsetu þeirra og verður ekki annað ráðið af þeim viðtölum en útskiptin eigi að fara fram í vor. Þegar Pressan ræddi þessi mál við Önnu og Guðrúnu voru þó báðar sáttar við að fresta ákvörðun um útskiptinguna. „Við erum samt alls ekki að vikja frá reglunni fyrir fullt og allt. Þetta er skammtímafrestun,“ segir Guðrún.

Í tengslum við þessa umræðu hefur einnig verið rætt um að festa þá reglu að ef Kvinnalistinn sest í ríkisstjórn verði ráðherrar flokksins ekki úr hópi þingkvennanna. Þá hefur Pressan heyrt að einhverjar kvinnalistakonur hafi borið upp tillögu um að samþykkt verði að Guðrún Agnarsdóttir verði ráðherraefni listans. Þessu hafna þær konur sem rætt var við og sögðu reyndar fráleitt að ákveða slíkt fyrirfram.

Kvinnalistinn hefur hrapað í fylgi í skoðanakönnunum undanfarið. Því hefur verið talið að sú pólitíska staðreynd ráði einnig nokkru um að listinn dregur yfirlýsingar um útskiptin í land. Byggt verði áfram á reynslu þeirra sem hafa setið á þingi en jafnframt er tekin sú áhætta að Kvinnalistinn verði staðinn að því að standa ekki við kosningaloforð.

„Upphaflega ákvörðunin var sú að þessar útskiptingar ættu að ger-



Guðrún fær að sitja áfram. Ákvörðun um að fresta útskiptunum í þingflokki Kvinnalistan getur þýtt að Guðrún Agnarsdóttir fái að sitja allt kjörtímabilið. Hún hefur nú setið á alþingi í sex ár. Pressumynd/Einar Ól.

Þingkonur Kvinnalistan

STÓLASKIPTUM FRESTAÐ

Kvinnalistinn frestar ákvörðun um að skipta út þingmönnum listans í vor. Deilur innan flokksins um að víkja frá kosningaloforðinu um útskipti á miðju kjörtímabili


stofu þingflokksins.

Ýmislegt er tint til. Margar konur sem Pressan ræddi við segja að nú sé slík óvissa uppi í íslenskum stjórnmálum að lítið vit sé í því að skipta út í þingflokki þegar ríkisstjórnin geti farið frá hvenær sem er og kosningar blasi við. Aðrar vísa til þess að nú megi ekki fórna ómissandi þingreynslu þeirra sem hafa setið á alþingi í nokkur ár fyrir Kvinnalistan.

Anna Ólafsdóttir Björnsson er þó á öðru máli: „Ég tel ekki að breyttar aðstæður í stjórnmálum hafi neitt með þetta að gera. Það hefur verið svo lengi óvissa í stjórnmálunum,“ segir hún. „Ástæðan er

ast eftir tvö ár. Aðstæðurnar núna segja okkur að það sé skynsamlegra að fresta þessu. Það verður alltaf umdeilt að skipta svona út en við erum allar harðar á því að það verði gert. Núna snýst spurningin um að velja réttan tíma,“ segir Sigrún Helgadóttir.

Skv. heimildum Pressunnar er talið líklegast að það falli í hlut Kristínar Halldórsdóttur að hverfa af þingi þegar og ef ákvörðun verður tekin síðar á kjörtímabilinu um að gefa útskiptareglu Kvinnalistan gildi að nýju. Tími Guðrúnar Agnarsdóttur verði þá lengdur um a.m.k. hálf ár frá því fyrsta skipting fer fram.



Kristín Halldórsdóttir. Ýmsar kvinnalistakonur leggjast gegn því að fórna reynslu þingfulltrúum listans með því að skipta út á þingi eins og lofað var fyrir kosningarnar 1987. Þá hefur verið ákveðið að láta aðeins eina þingkonu vikja í stað tveggja þegar og ef skiptingin verður gerð síðar á kjörtímabilinu.